

Til sveitastjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/S 16.05.19.
Ábm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

14. maí 2019


Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf. Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð“.

Upphæð orlofsgreiðslu fyrir árið 2019, miðast við íbúafjölda 1. janúar 2019 skv. upplýsingum af heimasíðu Hagstofu Íslands. Talan sem reiknað er út frá, árið 2019 er kr. 113.-

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda Velferðarráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er reikningur til þeirra sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu sem greiða skulu orlof, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2018 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Með vinsemd og virðingu



Anna Kr. Ásmundsdóttir

gjaldkeri orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Afrit af bréfi þessu sent til:

Kvenfélagasambands Íslands
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sambands sunnlenskra kvenna
Velferðarráðuneytis